

Hópakerfi í 9. og 10. bekk

Markmið einstakra námsgreina í grunnskóla eru ákveðin í aðalnámskrá sem sett er af menntamálaráðuneytinu. Í aðalnámskrá segir meðal annars um markmið:

Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings.

(Úr Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2013 bls. 43)

Ein af þeim leiðum sem Réttarholtsskóli hefur valið til að sinna þessari skyldu sinni er að bjóða nemendum í 9. og 10. bekk upp á val um mismunandi kennsluhópa í nokkrum kennslugreinum, þ.e.a.s. dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði. Hóparnir eru sem hér segir:

Hópur 1 Kennslan í hópi 1 er einkum ætluð nemendum sem standa höllum fæti í greininni og þurfa að einbeita sér að undirstöðuatriðum. Námsefni er umfangsminna en í hópum 2 og 3. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfstraust nemenda gagnvart greininni.

Hópur 2 Kennslan í hópi 2 er miðuð við þarfir nemenda sem náð hafa allgóðum tókum á greininni. Námsefni er umfangsminna en í hópi 3 þótt stefnt sé að því að nálgast öll markmið aðalnámskrár.

Hópur 3 Kennslan í þessum hópi er sniðin að þörfum þeirra sem náð hafa mjög góðum tókum á greininni og treysta sér til að fara hratt yfir og takast á við flókin og krefjandi viðfangsefni. Gert er ráð fyrir því að nemendur séu að miklu leyti sjálfbjarga í náminu og upprifjun er lítil.

Sams konar próf eru lögð fyrir alla hópana.

Í stærðfræðihópi 1 er þó boðið upp á tvennskonar próf, bæði beint úr því námsefni sem notað er og svo samskonar lokapróf og hópar 2 og 3 taka. Því geta nemendur í stærðfræðihópi 1 fengið tvær einkunnir.

Valgreinar í 10. bekk

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur í 8. - 10. bekk grunnskóla eigi kost á að velja hluta námsgreina sinna og er mikilvægt að nemendur ákveði í samráði við foreldra og kennara og með tilliti til framtíðaráforma á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu.

Í Aðalnámskránni segir:

Val í námi miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina. Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

(Úr Aðalnámskrá grunnskóla Almennur hluti 2013 bls.50)

Í 9. bekk velja nemendur 8 stundir en 8-9 stundir í 10. bekk. Nemendur fá valgreinabækling á vorönn þar sem námsgreinum er lýst og valið útskýrt nánar.

Mikilvægt er að nemendur velji valgreinar í samræmi við áhuga. Einnig er gott að hafa í huga hvert þeir stefna að loknu skyldunámi.

Í 8. og 9. bekk fá nemendur kynningu á framhaldsskólakerfinu í tengslum við val á námsgreinum fyrir 9. og 10. bekkinn. Er þá lögð áhersla á að nemendur átti sig á hvaða framhaldsskólar eru í boði og hvaða sérstöðu hver skóli hefur. Einnig er lögð áhersla á að tengja val í 10. bekk við námsbrautir í framhaldsskólum. Foreldrum og nemendum er boðið til kynningarfundar á valgreinum.

Í 10. bekk fá nemendur nánari fræðslu um framhaldsskólana og inntökuskilyrði þeirra. Nemendur og foreldrar fá upplýsingar um opin hús sem framhaldsskólar bjóða upp á til að kynna starfsemi sína. Á heimasíðu skólans eru birtar upplýsingar um opnu húsin og einnig eru þau auglýst fyrir nemendur.

Í 10. bekk er haldinn kynningarfundur fyrir nemendur og foreldra þar sem nokkrir framhaldsskólar ólíkir að gerð kynna starfsemi sína.

Kjarnagreinar í 10. bekk Réttarholtsskóla skólaárið 2019-2020

	stundafjöldi
Íslenska	5
Stærðfræði	5
Danska	4
Enska	4
Náttúrufræði	2
Íþróttir	4
Þjóðfélagsfræði	2
Umsjón og lífsleikni	2
Dagskrá	1
Samtals	29 stundir

**Valgreinar í 10. bekk Réttarholtsskóla skólaárið 2019-2020**

Nemendur velja úr valgreinum, 8-9 stundir.

Annað nám (1 til 4 stundir)

Hægt er að fá listnám eða íþróttaiðkun metin sem valgreinar. Ef nemendur stunda annað nám utan skóla jafngildir tveggja klst. nám einni stund í vali. Mest er hægt að fá átta klukkustundir metnar sem fjögurra stunda val. Nemendur verða að skila inn vottorði frá tónlistarskóla, íþróttafélagi eða einhverju viðlíka þar sem námið er staðfest.

Annað nám (1 til 4 stundir)		Hönnun og sköpun	2	Skvass	1
Árbítur	1	Íslenskar kvikmyndir	1	Slökun og hugleiðsla	1
Badminton	1	Keramik	1	Spil	1
Ekkert djók bara bók	1	Körfubolti	2	Spænska	3
Enska (smásögur/kvikm.)	1	Líkamsrækt	2	Stuttmyndagerð	2
Forritun – horft til framt.	1	Myndlist	2	Stærðfræði - námsvitund	2
Framhaldsskólastærðfræði	2	Náms- og starfsfræðsla	1	Textílmennt	2
Franska	3	Nemendaráð	3	Trésmíði	2
Heimanám	1	Prjón/hekl	2	Vélsaumur	1
Heimanám	2	Samfélagsvitund	1	Vísinda- og tæknibíó	2
Heimspeki	2	Skák	2	Vísindaval	4
Hljóm sveit	2	Skólahreysti	2	Þýska	3

Árbítur (morgunmatur)

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið

Að byrja daginn vel með góðum morgunverði.

Námstilhögun

Nemendur baka sitt morgunbrauð, læra að gera hafragraut, búa til álegg og annað sem tilheyrir staðgóðum morgunverði. Spáð í morgunverð í ýmsum löndum. Margt prófað og smakkað. Valgreinin kennd fyrstu tvo tíma að morgni fyrir eða eftir jól.

Námsgögn

Uppskriftir fengnar af netinu, bókum, blöðum og á öðrum stöðum þar sem góðar uppskriftir er að finna.

Námsmat

Virkni og metnaður/ lokið/ólókið

Badminton

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið námskeiðisins

- Að nemendur læri rétt grip um badminton spaða
- Að nemendur þjálfist í mismunandi slagækni þ.e. forhönd, bakhönd og mismunandi uppgjafatækni
- Að nemendur þjálfist í að halda knetti á lofti og læri auk þess að lauma(droppa) og smassa
- Að nemendur tileinki sér reglur í einliðaleik og tvíliðaleik og telji stig eftir settum reglum
- Að nemendur fái að reyna með sér í badmintonleik
- Að nemendur læri að fara eftir réttum reglum og dæma sjálf
- Að nemendur læri að vinna saman á leikvelli(tvíliðaleikur)
- Að nemanur sýni félaga hvatningu á uppörvandi hátt í leik

Gögn

Nemendur fá spaða og kúlur lánað í íþróttahúsi og eiga að fara vel með. Nemendur eiga að koma með íþróttafatnað.

Kennsluskipan

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku. Námskeiðið er kennt fyrir áramót og eftir áramót og raðast hóparnir eftir því.

Námsmat er byggt á ástundun, umgengni í íþróttahúsi, framfara og framkomu. L/Ó.

Ekkert djók bara bók!

Einn tími á viku yfir veturinn.

Markmið:

Langar þig að lesa skemmtilegar bækur? Litlar, sætar eða stórar og drungalegar? Og spjalla svolítið um bækurnar? Velta fyrir þér af hverju amma Súsanna drekkur alltaf fanta lemon en ekki appelsín? Þá skaltu velja þetta val! Í valinu verða nokkrar vel valdar skáldsögur lesnar, við þjálfum aðeins lesturinn og tökum góðar æfingar í lestri. Einnig tökum við góðar umræður um bækurnar sem við lesum yfir góðum kaffibolla.

Námsmat: L/Ó

Enska, smásögur/kvikmyndir

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Í áfanganum Enskar smásögur og kvikmyndir verður lögð áhersla á að lesa smásögur og samfara því að horfa á kvikmyndir byggðar á viðkomandi smásögum. Þessar sögur eru ýmist enskar eða bandarískar. Að því loknu eru svo unnin verkefni eftir hverja sögu/kvikmynd.

Verkefnin eru ritunarverkefni og miðast þau við að kafa í sögupráð smásögunnar/kvikmyndarinnar, túlka efni sögunnar/kvikmyndarinnar, bera saman kvikmyndina og smásöguna og rýna í persónur og persónusköpun.

Ritunarverkefnin eru lögð fyrir í lok áhorfs/lesturs og unnin í kennslustund, þau geta verið hvort sem er einstaklings- eða samvinnuverkefni. Hver nemandi skilar þó sér möppu í lokin. Áfanginn er próflaus og mat hans miðast við skilum á vinnumöppu í lok annar, mætingu og þátttöku í tíma, L/Ó.

Þær kvikmyndir / smásögur sem farið verður í eru 6 talsins og spanna breitt tímabil og tegundir kvikmynda.

Forritun – horft til framtíðar

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið

- að efla skilning á forritun og tækni
- að skoða verk annarra og búa til ný
- að læra að búa til tölvuleiki og app
- að vinna með nútíma tæknibúnað s.s. vínlskera, leiserskera, 3D prentara og þjarka.
- að efla gagnrýna hugsun og ígrundun

Námsefni

Námsefni er aðallega á veraldarvefnum . Unnið með kóðunarkubba í byrjun og síðan farið í önnur forritunarmál, s.s. Python og JavaScript. Unnið með þrautabraut FLL í að leysa verkefni með þjarka.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna ýmist í einstaklingsvinnu eða í pörum. Tímar eru einu sinni í viku, tvo tíma í senn hálfan veturinn.

Námsmat

Verkefni gilda 50% á móti mati á ástundun og virkni. Hvert verkefni er metið sem lokið eða ólokið og fá nemendur tækifæri til endurskila.

Framhaldsskólastærðfræði – viltu taka næsta ár með trompi?

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Lýsing: Hér gefst nemendum tækifæri á að taka fyrsta árs áfanga í stærðfræði frá MH. Þau taka kaflapróf sem sýnir stöðu þeirra í gengum þetta ferli. Í maí taka þau svo próf frá MH og ef þau ná 5 fá þau þennan áfanga metinn inn í MH en geta einnig fengið hann metinn inn í aðra skóla.

Kennt: 80 mín yfir allt skólaárið.

Markmið: að gefa nemendum færi á að flýta fyrir námi og gefa þeim aukinn sveigjanleika þegar þau koma í áfangakerfi í framhaldsskóla.

Námsgögn: Stærðfræðihefti frá MH.

Mat: Vinna í tíma, verkefni og kaflapróf gilda fyrir lokamat úr grunnskólastærðfræðinni. Einkunn úr lokaprófi í MH gildir fyrir sjálfan framhaldsskólaáfangann.

Franska

Þrjú tímar á viku allan veturinn.

Franska er lykill að mörgum menningarsamfélögum. Hún er fyrsta eða annað tungumál í meira en 40 löndum og er töluð af meira en 125 milljón manns. Fjöldi frönskumælandi fólks í heiminum talar ekki ensku og er frönskukunnátta því mjög vinsæl í ýmsum starfsgreinum ekki síst í ferðaþjónustu. Frakkar eru framarlega í listum, bókmenntum, kvikmyndagerð, tísku og íþróttum og opnar frönskukunnátta heillandi heim skemmtilegrar menningar.

Markmið

Að nemendur öðlist færni í grundvallaratriðum franskrar tungu.

Námstilhögun

Lesnir eru franskir textar, farið er í grunnatriði málfræðinnar en sérstök áhersla er lögð á talmál og eftir veturinn ættu nemendur að geta bjargað sér í einföldum samskiptum t.d. í verslunum.

Námsgögn

Fyrst og fremst er stuðst við kennslubókina Cafe Creme 1, lesbók og vinnubók.

Námsmat

Prófað er einu sinni á hvorri önn að loknum ákveðnum námsáföngum.

Heimanám (hægt er að velja 1 eða 2 tíma)

Alhliða aðstoð við heimanám. Nemendur upplifa álag vegna heimanáms með afar mismunandi hætti. Þessari valgrein er ætlað að draga úr líkum þess að heimanám reynist nemendum íþyngjandi um of.

Heimspeki

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver helstu viðfangsefni hennar eru. Frumkvöðlar heimspékinnar verða kynntir en mikil áhersla er lögð á að kynna nútímaheimspeki og hvernig heimspekingar fást við ýmis málefni líðandi stundar. Nemendur munu fá þjálfun í heimspékilegri rökræðu og munu takast á við fjölmörg viðfangsefni daglegs lífs með heimspékilegum aðferðum. Örfá dæmi um viðfangsefni námskeiðsins eru: Hver er tilgangur lífsins? Hvers vegna skammast maður sín? Eru til draugar? Hvað verður um mann þegar

maður deyr? Hvernig hugsa heimspekingar um útlit og fegurð? Er eitthvað heimspekilegt að finna í sögubókum og kvikmyndum? Er eitthvað heimspekilegt að finna í fari nemenda á göngum skólans? Hvað er rétt breytni? Hvernig færir maður góð rök fyrir máli sínu?

Kennsla fer fram í formi stuttra fyrirlestra og umræðna. Ekki er tekið próf í heimspeki.

Markmið

Að nemendur;

- kynnist heimspeki sem fræðigreinin,
- kynnist ýmsum greinum og viðfangsefnum heimspekinnar,
- skilji gagnrýna hugsun og geri greinarmun á henni og almennu nöldri,
- finni leið til þess að auka á hamingju sína og lífsgleði,
- nái að skoða hversdagsleg fyrirbæri heimspekilega.

Námsmat: L/Ó

Hljómsveit

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Á námskeiðinu verða tónlistastefnur skoðaðar og kynntar. Við munum stofna hljómsveitir og æfa upp lög sem endurspeglar fjölbreytni dægurtónlistar. Farið verður yfir uppbyggingu laga og texta og farið verður yfir tón- og hljómfræðihugtök (bara nógu mikið til að komast af í poppi)

Haldnir verða tónleikar því ekki viljum við vera böndin sem enginn heyrði í.

Ef andinn kemur yfir verða lög samin og hver veit nema að „hittari“ fæðist? Hefð er fyrir því að bjóða reyndum tónlistamanni í heimsókn til að fá innsýn inn í tónlistalífið á Íslandi.

Námsmat: Vinnusemi og áhugi er það eina sem metið er, L/Ó.

Hönnun og sköpun unnin í textíl

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Markmið er að nemendur fái að skapa og hanna eigin hugmynd hvað sem er úr textíl efnum og endurunnum efnum.

Skoðum hvað er rusl og er hægt að endurýta rusl?

Nemendur hafa frjálst val um verkefni í alls konar formi.

Námsmat: L/Ó

Íslenskar kvikmyndir

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Áætlað er að námskeiðið verði tvær kennslustundir í eina önn. Skoðaðar verða nokkrar vel valdar íslenskar kvikmyndir og augunum aðallega beint að handriti, leikstjórn og persónusköpun auk fleiri tilfallandi þátta.

Nemendur munu horfa á nokkrar íslenskar kvikmyndir og rýna í þær. Verkefnaskil verða skrifleg, unnin í hóp eða einstaklingslega. Mat er lokið/ólókið.

Hæfniviðmið er að nemandi geti

- nýtt sér aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- noti myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- nýtt sér fjölmíðla s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skipandi ritun.

- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Námsmat: L/Ó

Keramik

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Nemendur fá að kynnst leir og möguleika hans. Þeir skapa muni sem eru eigulegir og tilvaldir í gjafir.

Markmið

Að nemendur;

- þekki ferlið frá mótun til muna,
- geti búið til þumalskálar og skeytt þeim saman,
- geti byggt upp muni með kaðaltækni,
- geti nýtt sér plötutækni,
- geti glerjað muni án aðstoðar,
- verði meðvitaðir um þær varúðarráðstafanir og þær umgengnisreglur sem leir og glerungar krefjast.
- nýti kunnáttu sína til að ná enn betri tökum á leiraðferðunum.
- kynnist rennibekk.
- kynnist postulíni.
- kynnist mótagerð og framleiðsluaðferðum í leir.
- kynnist vinnu leirlistafólks á Íslandi.

Leiðir

Unnin verða ýmis konar verkefni s.s. þumalskálar, box, plattar, grímur, stytur, skálar, veggstjakar og ýmis frjáls verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur skipuleggja leir vinnu sína frá upphafi til enda.

Námsmat

Símat. Vinna er metin, virkni, ástundun og umgengni. L/Ó.

Körfubolti

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Farið í grunnatriði körfuboltans, skot, sendingar, knattrak og varnarleik. Einnig verður lögð áhersla á að nemendur bæti þrek og kraft í tímunum. Það verður gert í gegnum spil og leiklíkar æfingar.

Tímarnir verða verklegir og fara fram í íþróttahúsi Réttarholtsskóla.

Námsmat

Í námsmati verður einkunn gefin út frá mætingu og áhuga/metnaði í tímum. L/Ó.

Líkamsrækt / Þol – kraftur – liðleiki

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Sett verður upp þrekprógram sem hentar hverjum nemenda og æfir hann síðan eftir því.

Markmið

Að nemendur; kynnist á skipulagðan hátt hvernig auka megi þætti eins og þol, styrk og liðleika og læri að vinna með púlsmæla. Markmið nemenda geta verið mismunandi.

Staðsetning

Þreksalur skólans og næsta nágrenni.

Námsmat: L/Ó

Myndlist

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Markmið kennslunnar eru að;

- veita þjálfun í myndrænni framsetningu,
- efla færni í teiknun og meðferð lita,

- kynnast eftir föngum tækni og fjölbættum efnum sem nota má við myndsköpun,
- efla skilning á þætti myndlistar í nútímasamfélagi, m.a. með tilliti til atvinnugreina og starfa,
- nemendur geri sér grein fyrir hlut mynd- og sjónlista í hvers konar kynningu og markaðssetningu, neyslu- og upplýsingaþjófélagsins sem við lifum og hrærumst í,
- nemendur kynnist ýmsum þáttum úr lista- og hönnunarsögu.

Viðfangsefni

- Möppugerð/leturgerðir – frjálst.
- Að stækka myndir – frjálst.
- Grunnform, litablöndun, ljós og skuggar.
- Áferðarteikning – hönnun.
- Grafík - dúkskurður eða annað.
- Vatnslita-, túss/blek-, kola-, krítar- og pastelmyndir.
- Gluggaskreytingar vegna árshátíðar – grafískar myndir á límdúka.

Námsmat

Vinna, ástundun og virkni nemandans er metin.

Náms- og starfsfræðsla

Kennt er tvær stundir á viku fyrir áramót.

Þessi valgrein er kjörin fyrir þá sem vilja kynna sér betur hvað er í boði eftir að grunnskólanámi lýkur.

Nemendur taka áhugasviðspróf og fyrir þá sem ekki vita hvar áhugasvið þeirra liggur þá gæti þessi valgrein jafnvel komið þeim á sporið. Ýmis verkefni unnin sem stuðla að ígrundun hvers og eins fyrir val á námi að loknum grunnskóla. Farið er í vettvangsheimsókn á vinnustað.

Markmið

Að nemendur;

- kynni sér framhaldsskólakerfið,
- þekki mun á áfanga- og bekkjarkerfi,
- þekki námsframboð framhaldsskólanna,
- skoði eigin áhugasvið,
- fái kynningu á atvinnulífinu,
- kanni störf og starfsgreinar,

Námsmat: L/Ó

Nemendaráð

Vinnuframlag jafngildi þriggja tíma á viku yfir veturinn.

Nemendaráð starfar í þágu barna- og unglunga í 8. – 10.bekk í Réttarholtsskóla. Nemendaráð skiptist meðal annars í skreytingaráð, mötuneytisaráð, sjoppuráð, tækniráð og auglýsingaráð sem vinna saman að undirbúning og útfærslu viðburða á vegum skólans og félagsmiðstöðvar. Nemendaráð stuðlar að nemendalýðræði sem kemur skoðunum nemenda á framfæri og eru þeirra talsmenn.

Námsmat: L/Ó.

Prjón/hekl

Tvær kennslustundir allan veturinn.

Nemendur velja hvort þeir vilja prjóna, hekla eða bæði.

Prjónað/heklað smástykki sem nemendur velja sjálfir í samráði við kennara.

Markmið:

- að nemendur þjálfist í prjóni/hekli
- að nemendur geti spjallað, hlustað og prjónað/heklað samtímis.
- að nemendur verði sjálfstæðir í prjóni/hekli

Verkferill og verkefni er metin til einkunnar. Einnig er litið til framkomu og umgengni í textílstofu, frumkvæði, framfara og ástundunar nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Nemendur meta jafnframt eigin verk og skila vinnubók með verkefnum sem unnin hafa verið. L/Ó.

Samfélagsvitund

Kennslustundir tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Viltu gefa af þér í samfélaginu?

Með því að:

- spila við eldri borgara
- spjalla við eldri borgara

Eldri borgarar á Hæðargarði heimsóttir vikulega, þar sem eytt er stund með þeim við spjall, spilamennsku og hlustað á frásagnir þeirra, ásamt öðrum verkefnum sem til falla hverju sinni.

Námsmat: L/Ó

Skák

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Skák eflir rökhugsun, reynir á sköpunargáfunu, er stórskemmtileg hugaríprótt og skák er fyrir alla!

Ekki er nauðsynlegt að kunna mikið í skák til að velja skák sem valgrein.

Farið yfir helstu reglur skákarinnar þ.e. mannganginn og hvernig þessi magnaða hugaríprótt skák gengur fyrir sig.

- Skákkennsla og skákþrautir.
- Réttó-keppni milli bekkja/árganga í skák.
- Senda lið frá Réttó til keppni í Reykjavíkurmóti Grunnskóla.
- Reyna að vinna skákkennarann í blindskák.
- Og síðast en ekki síst tefla sér til skemmtunar.

Námsmat: L/Ó

Skólahreysti

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Tímarnir fara fram í íþróttahúsi, tækjasal og skólahreystibraut á skólalóð þegar veður leyfir.

Markmið

Að æfa markvist fyrir skólahreystikeppni grunnskóla sem haldin er í mars ár hvert.

Að auka styrk og hraða nemenda.

Námsmat

Ástundun, virkni og áhugi. L/Ó.

Skvass

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Markmið námskeiðisins

- Að nemendur læri rétt grip um skvass spaða
- Að nemendur þjálfist í mismunandi slagatækni þ.e. forhönd, bakhönd og mismunandi uppgjafatækni
- Að nemendur þjálfist í að halda knetti á lofti og læri auk þess að lauma(droppa) og smassa
- Að nemendur tileinki sér reglur og telji stig eftir settum reglum
- Að nemendur fái að reyna með sér í skvassi
- Að nemendur læri að fara eftir réttum reglum og dæma stig
- Að nemendur sýni félagá hvatningu á uppörvandi hátt í leik

Gögn

Nemendur fá spaða og bolta lánað í Veggisport og eiga að fara vel með. Nemendur eiga að koma með íþróttafatnað(innanhússkó sem lita ekki).

Kennsluskipan

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku í húsakynnum Veggsport stórhöfða 17 (við Gullinbrú). Nemendur taka strætó (skóli borgar fyrir strætóferðir) með kennara (ca. 10 mín hvor leið) Nokkur „gamni-mót“ verða haldin á árinu.

Námsmat er byggt á ástundun, umgengni, framfara og framkomu. L/Ó.

Slökun og hugleiðsla

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Á námskeiðinu verður unnið með slökun, hugleiðslu, sjálfstyrkingu, öndun og jóga. Ýmist verður einn eða fleiri þættir teknir fyrir í hverri kennslustund. Allir þessir þættir vinna saman að vellíðan okkar.

- ♥ Góð slökun er góð hvíld fyrir líkamann og hugann og það getur aukið andlega og líkamlega vellíðan.
- ♥ Með hjálp hugleiðslunnar er hægt að efla einbeitningu, jákvæðni og gleði en að auki er hægt að nýta hana t.d. til að vinna með ótta, kvíða, neikvæðni og reiði.
- ♥ Hugsanir okkar hafa áhrif á líðan okkar hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar. Mikilvægt er að vera meðvitaður um styrkleika sína og nýta sér þá þegar hægt er, í stað þess að brjóta sig niður vegna veikleika.
- ♥ Góð djúp öndun getur verið grunnur að vellíðan því er mikilvægt að æfa hana.
- ♥ Jóga getur gefið okkur orku, gleði og kyrrð. Regluleg jógaiðkun getur eflt núvitund og aukið einbeitningu.

Námsmat: L/Ó

Spil

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Undanfarin ár hefur áhugi á borðspilum aukist gríðarlega. Fjöldi spila sem kemur út á hverju ári hefur margfaldast og gæði spilanna, hvort sem um er að ræða hönnun eða leikjahluti, verða sífellt betri og þróaðri.

Markmið

Nemendur kynnist fjöldanum öllum af spilum og öðlist góðan skilning og færni í nokkrum þeirra. Áhersla verður lögð á að kynna nemendum fyrir spilum sem hafa markað spor í þróun spila síðustu áratugina.

Nemendur greini á milli spila eins og:

- keppnisspila
- samvinnuspila
- partíspila
- kortaspila
- félagsfærnisþila
- ráðgátuspila
- „euro“-spila og „ameritrash“-spila

Námstilhögun

Kynntar verða spilareglur í spilum, jafnt kunnuglegum sem framandi, einföldum sem flóknum. Nemendur spila saman og keppa sín á milli. Nemendur verða hvattir til að tileinka sér reglur og miðla áfram þekkingu sinni við endurtekna spilun.

Námsgögn

Borðspil og spilastokkar.

Námsmat

Þátttaka, hegðun og virðing gagnvart þeim hlutum sem verið er að meðhöndla hverju sinni. L/Ó.

Spænska

Þrjú tímar á viku allan veturinn.

Spænska er lykkill að mörgum menningarsamfélögum. Hún er fyrsta eða annað tungumál í fjölmörgum löndum og er töluð af milljónum manna. Fjöldi spænskumælandi fólks í heiminum talar ekki ensku og er spænskukunnátta því mjög vinsæl í ýmsum starfsgreinum ekki síst í ferðaþjónustu. Spánverjar eru framarlega í listum, bókmenntum, kvikmyndagerð, tísku og íþróttum og opnar spænskukunnátta heillandi heim skemmtilegrar menningar.

Markmið

Að nemendur öðlist færni í grundvallaratriðum spænskrar tungu.

Námstilhögun

Lesnir eru spænskir textar, farið er í grunnatriði málfræðinnar en sérstök áhersla er lögð á talmál og eftir veturinn ættu nemendur að geta bjargað sér í einföldum samskiptum t.d. í verslunum.

Námsgögn

Notuð er námsbók á spænsku þar sem textar og æfingar í málinu eru notuð til að auka kunnáttu.

Námsmat

Prófað er einu sinni á hvorri önn að loknum ákveðnum námsáföngum.

Stuttmyndagerð

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Markmið

Að nemendur;

- verði læsir á hið margþætta myndmál kvikmynda.
- öðlist færni til að framleiða og stjórna gerð stuttmynda frá fyrstu hugmynd til frumsýningar.
- geti gert handrit, notað myndavélar og klippt myndefni í tölvu.

Farið er í gerð handrits, leikstjórn, myndatökur og klippingar í tölvu. Nemendur vinna í hóp við gerð stuttmynda, Nemendur munu skrifa handrit, gera tökuáætlun, leikstýra, kvikmynda og leika í myndum gerðum eftir þeim handritum.

Námsmat: L/Ó

Stærðfræði – Námsvitund

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Markmiðið er að efla námsvitund í stærðfræði

- Nemandi velur sér hæfniviðmið í stærðfræði og býr til áætlun sem hann ætlar að fylgir eftir.
- Nemandi metur á gagnrýnan hátt eigin vinnubrögð og árangur.
- Lærir af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri.
- Nemandinn eflir hæfni í að bera ábyrgð á eigin námi.

Námsgögn

- Verkefni frá kennara
- Nýta stærðfræðimiðla á ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt
- Ýmsar námsbækur

Námsmat

- Nemandi leggur mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu, L/Ó.

Textílmennt

Kennt er allan veturinn tvær kennslustundir á viku.

Textílmennt er valgrein þar sem hugur og hönd vinna saman. Hann nýtist við efnisval á fatnaði/öðru og meðferð þeirra. Textíllinn er grunnur við val á efnum, garni, endurnýtingu og fleiru. Lögð er áhersla á sjálfstæða vinnu nemenda.

Markmið er að nemendur

- læri/rifji upp að draga upp snið og þekki merkingar á þeim

- geti saumað einfalda flík/ unnið aðra textílvinnu
- þjálfist að beita vinnuaðferðum í vélsaumi og kynnist áhöldum greinarinnar
- verði meðvitaður um endurnýtingu textílsins
- geti skipulagt eigið vinnuferli

Viðfangsefni

Byrjað er á ferilmöppu sem inniheldur öll verkefni vetrarins, skissur, hugmyndir, vinnuferli og annað.

Farið yfir snið í sniðablöðum, hvað tákna merkin og hvernig snið er tekið upp. Máltaka, efnisval, sniðagerð.

Endurnýting á fatnaði og öðru sem tengist textílnum ásamt útsaumi prjón/hekl.

Nemendur velja eitt af eftirfarandi sem aðalverkefni. Velja einnig tvö önnur verkefni, mega vera fleiri, af þessum lista en þá eru þau minni. Einnig er hægt að blanda saman verkefnum. T.d. vélsaumur og útsaumur.

Frjálst verkefnaval er eftir þrjú verkefni.

Vélsaumur, sauma fatnað, tösku eða annað sambærilegt.

Endurnýting á fatnaði og fleira sem tengist textíl.

Úsaumur - Saumað er út í java og talið út.

Prjón - Val um prjónaverkefni.

Hekl – Val um heklverkefni

Trésmíði

Tveir tímar á viku allan veturinn.

Trésmíði er valgrein sem nýtist nemandanum vel til frekara náms í verklegum greinum til dæmis iðnnámi, tækninámi, skurðlækningum, bæklunarlækningum, tannlækningum og einnig til viðhalds eigna sinna svo eitthvað sé talið.

Markmið og inntak náms:

Að nemendur;

- þjálfist í að beita verkfærum markvisst,
- kynnist þeim smíðaaðferðum sem við eiga hverju sinni og fara eftir viðfangsefninu,
- kynnist helstu efnum til smíða og heiti algengustu verkfæra.
- kynnist lökkun, litun og annarri yfirborðsáferð.

Helstu viðfangsefni

Hillur, lampar, renndir hlutir af ýmsum gerðum. Einnig verkfæraskápar og smærri húsgögn eins og sjónvarpsskápar og náttborð.

Námsmat

Námsmat í smíðagreinum er mjög víðtækt símat sem tekur mið af mörgum þáttum í vinnu nemandans í tímum svo sem ástundun, iðni og einbeitingu, samstarfshæfni og framkomu, verklagni og vandvirkni. Einnig er tekið mið af framförum og sjálfstæði í verki. Að lokum eru svo smíðagripir metnir.

Vélsaumur

Tveir tímar á viku hálfan veturinn.

Einungis saumað á saumavél. Nemendur velja verkefni í samráði við kennara. Tveir tímar á viku hálfan vetur. Farið verður eftir sniðum og kennt verður að taka upp snið úr blöðum.

Markmið

- að nemendur verði sjálfstæðir í saumavél
- að nemendur geti dregið upp snið
- að nemendur geti saumað flík/annað sjálfstætt

Verkferill og verkefni er metin til einkunnar. Einnig er litið til framkomu og umgengni í textílstofu, frumkvæði, framfara og ástundunar nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Nemendur meta jafnframt eigin verk og skila vinnubók með verkefnum sem unnin hafa verið. L/Ó.

Vísinda og tækniþíó

Í vísindafræðslumyndavali eru skoðaðar nýlegar fræðslumyndir um vísindi og tækni nútímans. Áhersla á fræðslumyndir um nýlegum mikilvægar uppgötvanir í vísindum og tækni. Áfanginn er 2 stundir á viku að jafnaði allan veturinn. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir að fjöldi stunda á viku getur verið misjafn frá viku til viku þar sem sumar vikur eru skoðaðar myndir sem taka lengri tíma en 2 stundir (t.d. 3 stundir) með umræðum og þá eru aðrar vikur með færri stundum sem því nemur en þó þannig að fjöldi stunda sé að jafnaði 2 samfelldar stundi á viku.

Námsmat: L/Ó.

Vísindaval – Vísindi og heimsmynd nútímans

Fjórir tímar á viku allan veturinn.

Í vísindavali 10. bekkjar er lögð sérstök áhersla á að undirbúa nemendur fyrir nám á **náttúrufræðibraut framhaldsskóla**. Nemendur sem ætla á **náttúrufræðibraut framhaldsskóla** ættu því að velja „**VísindaVAL“**

Námsefnið skiptist í fjóra meginhluta sem eru **stjörnufræði, kjarneðlisfræði, erfðafræði og aflfræði**

Helstu markmið í vísindavali 10. bekkjar.

Að nemendur

- læri um sólina, reikistjörnurnar og helstu fyrirbæri okkar sólkerfis.
- fái innsýn í þær aðferðir sem stjörnufræðingar nota til að rannsaka alheiminn.
- læri um vetrarbrautina, staðsetningu okkar í vetrarbrautinni og hugmyndir vísindamanna um þróun sóla og vetrarbrauta.
- læri um alheiminn og heimsmynd nútímans.
- þekki helstu hugmyndir vísindamanna um upphaf og þróun alheimsins.
- læri um helstu fyrirbæri sem vísindamenn hafa uppgötvað í geimnum með aðferðum stjarnneðlisfræðinnar.
- þekki muninn á lífsskilyrðum á reikistjörnunum og jörðinni.
- læri um fæðingu, þróun og endalokum stjarna.
- læri um loftsteina, halastjörnur og stjörnuhröp og skilji hvernig og hvers vegna tungl- og sólmyrkvar eiga sér stað.
- læri um eðli flóðs og fjöru á jörðinni
- læri um árstíðaskipti út frá stöðu jarðar á leið sinni um sól með tilliti til halla jarðmönduls.
- geri sér grein fyrir fjarlægðum úti í geimnum og þekki mælieiningar sem notaðar eru í umfjöllun um stærðir í alheimi.
- læri um ljóshraða, afstæði tíma og rúms og hugmyndir sem eru á mörkum vísinda og heimspeki í tengslum við alheimsfræðilegar kenningar
- læri um sögu og uppgötvun geislavirkni.
- læri um kapphlaupið um kjarnorkusprengruna í seinni heimsstyrjöldinni.
- læri um geislavirkni, kjarnahvörf, kjarnorkusprengrur, afleiðingar kjarnorkustríðs, kjarnorkuver, kjarnahvörf á sólinni og hvernig sólin fær orku sína.
- læri um nýtingu kjarnorku m.a. til orkuframleiðslu og notkun geislavirkra efna í lækisfræði.
- læri um innri byggingu frumeinda og geri sér grein fyrir þeim breytingum sem kjarninn getur tekið til að öðlast skilning á geislavirkni og viti hvað er að gerast í kjarna frumeinda þegar efni er geislavirkt.
- kynnist sögu erfðafræðinnar og helstu atriðum nútíma erfðafræði og mannerfðafræði.
- læri um þá möguleika sem nútíma erfðatækni felur í sér.
- læri um klónun lífvera, lyfjaframleiðslu með nýtingu erfðatækni, erfðabreytt matvæli, og hugsanlega framtíðarmöguleika á sviði erfðatækni.

- fái innsýn í helstu uppgötvanir og framfarir í erfðafræði og þau siðferðilegu álitamál sem koma upp í tengslum við þá þekkingu og tækni sem erfðafræðin hefur í dag og gæti orðið í framtíðinni.
- læri um hvernig erfðataekni er nýtt í dag.
- læri um hvernig eiginleikar erfast milli kynslóða.
- læri um þróun og tengsl þróunar og erfðarfræði.
- Geti útskýrt hvernig náttúruval getur leitt til nýrra og fjölbreyttra lífverutegunda.
- vísindamönnum kleift að rekja þróun mannsins.
- læri um vegalengd, tíma, ferð, hraða og hröðun
- læri um þyngdarlögmál Newtons, hvernig það heldur saman sólkerfum og samband þess við hugtakið þyngdarkraft.
- vinni með einfalda útreikninga í tengslum við lögmál Newtons.
- geti skýrt samband hugtakanna vinna og orka og framkvæmt einfalda útreikninga á vinnu/orku og afli.
- læri um hina ýmsu krafta sem eru að verki í náttúrunni.
- læri um þyngdarhröðun við yfirborð jarðar og tengsl þyngdarkrafta og hreyfingar.

Námsmat: Símat – Skriflegt hæfnimat jafn óðum úr hverjum námsþætti (áfangapróf).

Þýska

Markmið

Þrjú tímar á viku allan veturinn.

-að læra grunnatriði í þýskum orðaforða, t.d. segja frá sér og fjölskyldu sinni, búsetu, heiti skyldmenna. Þekkja tímasetningu, vikudaga, mánaðaheiti, árstíðir, töluorð, landanöfn, tungumálaheiti, liti, námsgreinar o.fl.

-að læra grunnatriði málfræði svo sem ákveðinn og óákveðinn greini, kyn og fleirtölu nafnorða, beyging veikra, sterkra og núpálegra sagna í nútíð, fornöfn, neitun, forsetningar, laus forskeyti o.fl.

-að nemendur geti tjáð sig munnlega með einföldum setningum.

-að nemendur kynni sér Þýskaland og búi til einfalda ferðalýsingu og kynni a.m.k. eina borg fyrir öðrum nemendum hópsins.

Kennslugögn:

Planet 1 lesbók (LB) og vinnubók (VB), ásamt ljósrituðu efni frá kennara. Léttar DVD-myndir og dægurlagatextar. Gott væri að nemendur hefðu aðgang að þýsk-íslenskri/íslensk-þýskri orðabók. (Litla gula hænan!). Internetið, þar sem nemendur vinna verkefnið "ferðalangar" og einnig gagnvirkar málfræðiæfingar.

Kennslufyrirkomulag

Unnið verður jöfnum höndum með hlustun, lestur, talað mál, ritun og notkun orðabókar. Reynslan hefur sýnt að annars gengur nemendum illa að finna sig í faginu og tileinka sér nýtt tungumál.

Sérstakar áherslur: Að nemendur öðlist jákvætt hugarfar gagnvart málinu og nái góðum tókum á undirstöðuatriðum.